

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/1999

frá 30. apríl 1999

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/96 frá 13. desember 1996⁽¹⁾.

Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (ályktun ráðsins 94/C 181/02) í X. viðauka við samninginn.

„3. **398 X 0560:** Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar (Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 17.4.1997, bls. 68 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 17.4.1997, bls. 174.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 98/560/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner